

Kossar eru mikilvægur hluti af kynlífi

Af hverju er gott að kyssast?

-Það eykur nánd og hormón sem framkalla vellíðan streyma út í blóðið

-Góðir kossar geta ýtt undir sjálfstraustið og aukið gleðtilfinninguna í líkamanum

-Það eykur munnvatnsframleiðslu og bakteríur fara á milli munna sem gerir tennurnar sterkari. Það gæti þó haft öfug áhrif ef manneskjan sem þú ert að kyssa hugsar ekki vel um tennurnar og burstar þær ekki reglulega, þá fara slæmar bakteríur á milli munna.

-Kossar geta hjálpað til við að minnka stress því endorfínframleiðsla eykst þegar við kyssumst og endorfín dregur úr stressi og vanlíðan

-Djúpir kossar hafa góð áhrif á húðina í kringum munninn, kjálkana og hálsinn. Engin þörf á andlitslyftingu ...bara nóg af kossum

-Kossar hafa jákvæð áhrif á hjarta og æðakerfið.

-Í vörunum má finna þúsundir taugaenda sem gerir þær gríðarlega næmar og því geta kossar verið mjög kynferðislega örvandi

